# Laugardagur 25. febrúar



## SJÓNVARPIÐ

11.00 **Fræðsluvarp.** Endursýnt efni frá 20. og 22. febrúar sl. Haltur ríður hrossi (20 mín.), Algebra (12 mín.), Skriftarkennsla (15 mín.), Þýskukennsla (15 mín.), Hvað er inni í tölvunni? (34 mín.), Þýskukennsla (15 mín.), Frönskukennsla (15 mín.).
14.00 **Íþróttaþátturinn.** Umsjón Ingólfur Hannesson.
18.00 **Íkorninn Brúskur (11).** Teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Leikraddir Aðalsteinn Bergdal. Þýðandi Veturliði Guðnason.
18.25 **Smellir.** Umsjón Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir og Úlfar Snær Arnarson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Á framabraut** (Fame). Bandarískur myndaflokkur. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
19.54 **Ævintýri Tinna** Krabbinn með gullnu klærnar. (8).
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Lottó.**
20.35 **89' á stöðinni.** Spaugstofumenn fást við fréttir líðandi stundar. Leikstjóri Karl Ágúst Úlfsson.
20.50 **Fyrirmyndarfaðir** (Cosby Show). Bandarískur gamanmyndaflokkur um fyrirmyndarföðurinn Cliff Huxtable og fjölskyldu hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
21.15 **Maður vikunnar.** Dr. Anna Soffía Hauksdóttir rafmagnsverkfræðingur. Umsjón Sigrún Stefánsdóttir.
21.30 **Opið hús.** Skemmtiþáttur þar sem skyggnst er bak við tjöldin hjá Útvarpi og Sjónvarpi. Leiðsögumenn eru Sigurlaug M. Jónasdóttir og Þórður Skjaldberg húsvörður. Umsjón og stjórn upptöku Kristín Björg Þorsteinsdóttir.
22.15 **Skyndisókn** (Fast Break). Bandarísk bíómynd frá 1979. Leikstjóri Jack Smight. Aðalhlutverk Gabriel Kaplan, Harold Sylvester, Michael Warren og Bernard King. Skrifstofumaður í New York hefur ódrepandi áhuga á körfubolta og er búinn að koma sér upp. körfuboltaliði í hverfinu hjá sér. Hann fær tilboð um að taka við stjórn háskólaliðs í öðru fylki og þarf að velja á milli áhugamálsins annars vegar og atvinnunnar og fjölskyldunnar hins vegar.
00.00 **Dýragarðsbörnin** (Christiane F.). Vestur-þýsk bíómynd frá 1981. Leikstjóri Ulrich Edel. Aðalhlutverk Natja Brunkhorst og Thomas Haustein. Myndin, sem byggð er á sannsögulegum atburðum, gerist í Berlín og segir frá lífi unglingsstúlku sem lendir í slæmum félagsskap og óreglu. Brátt fer hún að nota eiturlyf og fyrr en varir er hún orðin svo háð þeim að hún leggur allt í sölurnar til að útvega sér þau. **Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.**
02.05 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

8.00 **Kum, Kum.** Teiknimynd.
8.20 **Hetjur himingeimsins.** Teiknimynd.
8.45 **Yakari.** Teiknimynd með íslensku tali.
8.50 **Petzi.** Teiknimynd með íslensku tali.
9.00 **Með Afa.** Afi og Pási páfagaukur eru í góðu skapi í dag. Myndirnar, sem þið fáið að sjá, verða: Skeljavík, Túni og Tella, Skófólkið, Glóálfarnir, Sögustund með Janusi, Popparnir og margt fleira.
10.30 **Einfarinn.** Lone Ranger. Teiknimynd. Lokaþáttur.
10.55 **Sigurvegarar.** Lokaþáttur. Aðalhlutverk: Marillac Johnston, John Walton og Belinda Giblin.
11.45 **Pepsí popp.** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt frá því í gær.
12.50 **Arnarvængur.** Eagle's Wing. Hvítur maður stelur afburða góðum hesti frá Comanche indíánum. Indíánahöfðinginn lætur það sér ekki lynda og heitir því að beita öllum tiltækum ráðum til þess að ná aftur hestinum. Aðalhlutverk: Martin Sheen, Sam Wareston, Caroline Langrishe og Harvey Keitel.
14.30 **Ættarveldið** Dynasty. Dagarnir hjá Carrington fjölskyldunni eru hver öðrum viðburðaríkari.
15.30 **Heiðursskjöldur.** Sword of Honour. Endursýnd vönduð framhaldsmynd í 4 hlutum sem fjallar um ástarsamband tveggja ungmenna á umbrotatímum. Þegar hann fer að berjast í Víetnam og hún tekur þátt í mótmælum gegn stríði kemur fram ólíkt viðhorf þeirra til stríðsins og reynir þá mjög á samband þeirra. 3. hluti.
17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður litið yfir íþróttir helgarinnar og úrslit dagsins kynnt o.fl. skemmtilegt.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.30 **Laugardagur til lukku.** Fjörugur getraunaleikur sem unninn er í samvinnu við björgunarsveitirnar. Í þættinum verður dregið í lukkutríói björgunasveitanna. Kynnir Magnús Axelsson.
21.20 **Steini og Olli.** Laurel and Hardy.
21.25 **Stjórnmálalíf** The Seduction of Joe Tynan. Áhrifamikil mynd um þingmann sem hyggst bjóða sig fram til forsetaembættis Bandaríkjanna og hvaða áhrif það hefur á fjölskyldulíf hans. Þegar hann hefur ákveðið framboðið að eiginkonu sinni forspurðri myndast mikil togstreita innan veggja heimilisins. Aðalhlutverk: Alan Alda, Barbara Harris og Meryl Streep. Leikstjóri: Jerry Schatzberg.
23.30 **Verðir laganna.** Hill Street Blues. Spennuþættir um líf og störf á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.
0.20 **Öskubuskufrí.** Cinderella Liberty. Einstök ástarsaga í gamansömum dúr sem fjallar um gildi mannlegra samskipta og viðhorfs til fjölskyldunnar. Myndin hlaut óskarsverðlaun fyrir besta sönglagið, en af aðalleikurunum tveimur, James Caan og Marsha Mason, hlaut sú síðarnefnda útnefningu. Aðalhlutverk: James Caan, Marsha Mason, Kirk Calloway og Eli Wallach. Leikstjóri og framleiðandi: Mark Rydell.
2.15 **Brubaker** Fangavörður nokkur hefur í hyggju að grafa undan misbeitingu valds og óréttlætis sem viðgengst í fangelsi í Suðurríkjunum. Aðalhlutverk: Robert Redford, Murray Hamilton og David Keeth. Alls ekki við hæfi barna.
4.20 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **„Góðan dag,** góðir hlustendur". Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.05 **Litli barnatíminn** – „Sögur og ævintýri". Höfundurinn, Þórunn Magnea Magnúsdóttir, les. (2) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir leitar svara við fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Ríkisútvarpsins.
9.30 **Fréttir og þingmál.** Innlent fréttayfirlit vikunnar og þingmálaþáttur endurtekinn frá kvöldinu áður.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Tónlist eftir George Gershwin.** – Kiri te Kanawa syngur nokkur lög. - „Bandaríkjamaður í París". Hljómsveit Þjóðaróperunnar í Monte Carlo leikur; Edo de Waart stjórnar.
11.00 **Tilkynningar.**
11.03 **Í liðinni viku.** Atburðir vikunnar á innlendum og erlendum vettvangi vegnir og metnir. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson.
12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin.
14.00 **Tilkynningar.**
14.02 **Sinna.** Þáttur um listir og menningarmál. Umsjón: Þorgeir Ólafsson og Friðrik Rafnsson.
15.00 **Tónspegill.** Þáttur um tónlist og tónmenntir á líðandi stund. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Íslenskt mál.** Guðrún Kvaran flytur þáttinn. (Einnig útvarpað á mánudag kl. 15.45.)
16.30 **Laugardagsútkall.** Þáttur í umsjá Arnar Inga sendur út beint frá Akureyri.
17.30 **Eiginkonur gömlu meistaranna** – Frú Mahler og frú Weber. Þýddir og endursagðir þættir frá breska ríkisútvarpinu, BBC. Fjórði þáttur af sex. Umsjón: Sigurður Einarsson.
18.00 **Gagn og gaman.** Umsjón: Gunnvör Braga. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Dagskrá kvöldsins.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Smáskammtar.** Jón Hjartarson, Emil Gunnar Guðmundsson og Örn Árnason fara með gamanmál.
20.00 **Litli barnatíminn** – „Sögur og ævintýri". Höfundurinn, Þórunn Magnea Magnúsdóttir, les. (2) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Vísur og þjóðlög.**
20.45 **Gestastofan.** Hilda Torfadóttir ræðir við Herdísi Jónsdóttur. (Frá Akureyri)
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Sólrún Bragadóttir syngur lög eftir Þórarin Guðmundsson, Håkon Börresen, Ture Rangström, Jean Sibelius, Edvard Grieg og Ernest Chausson. (Hljóðritun Útvarpsins.)
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Frá alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík.** Jón Þ. Þór segir frá gangi skáka í elleftu umferð.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 30. sálm.
22.30 **Dansað með harmoníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarpshúsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
23.00 **Nær dregur miðnætti.** Kvöldskemmtun Útvarpsins á laugardagskvöldi. Stjórnandi: Hanna G. Sigurðardóttir.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Svolítið af og um tónlist undir svefninn.** „Sjö dauðasyndir" eftir Kurt Weill við ljóð eftir Bertolt Brecht. Jón Örn Marinósson kynnir.
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30.
8.10 **Á nýjum degi.** Þorbjörg Þórisdóttir gluggar í helgarblöðin og leikur bandaríska sveitatónlist.
10.05 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Dagbók Þorsteins Joð.** - Þorsteinn J. Vilhjálmsson.
15.00 **Laugardagspósturinn.** Skúli Helgason sér um þáttinn.
17.00 **Fyrirmyndarfólk.** Lísa Pálsdóttir tekur á móti gestum og bregður lögum á fóninn.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Kvöldtónar.** Tónlist af ýmsu tagi.
22.07 **Út á lífið.** Georg Magnússon ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
23.45 **Innskot frá Alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík.** Jón Þ. Þór skýrir skák úr elleftu umferð.
02.05 **Syrpa.** Magnúsar Einarssonar endurtekin frá fimmtudegi.
03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

10.00 **Valdís Gunnarsdóttir:** Góð helgartónlist sem engan svíkur.
14.00 **Kristófer Helgason:** Léttur laugardagur á Bylgjunni. Góð tónlist með helgarverkunum.
18.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Hinn eldhressi plötusnúður heldur uppi helgarstemmningunni.
22.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**
02.00 **Næturdagskrá.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

10.00 **Lengri laugardagur.** Gunnlaugur Helgason og Helga Tryggvadóttir fara í skemmtilega og skondna leiki með hlustendum. Gamla kvikmyndagetraunin verður á staðnum og eru verðlaunin glæsileg. Einnig fá Gulli og Helga gesti í spjall og ekki einn af þeim er leiðinleg(ur).
17.00 **Andrea Guðmundsdóttir.** Þessi reynda útvarpskona kemur víða við í spjalli sínu og lagavali.
21.00 **Darri Ólason** mættur á næturvaktina. Hann er maðurinn sem svarar í síma 68-19-00 og tekur við kveðjum og óskalögum, Darri er ykkar maður.
04.00 Dagskrárlok
**Fréttir kl. 10, 12, 16.**

## Hljóðbylgjan

**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

9.00 **Kjartan Pálmarsson** er fyrstur á fætur á laugardögum og spilar tónlist fyrir alla, alls staðar.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Axel Axelsson** með tónlist við þitt hæfi.
15.00 **Fettur og brettur.** Íþróttatengdur þáttur í umsjá Einars Brynjólfssonar og Snorra Sturlusonar. Farið verður yfir helstu íþróttaviðburði vikunnar svo og helgarinnar og enska knattspyrnan skipar sinn sess í þættinum.
18.00 **Topp tíu.** Bragi Guðmundsson leikur tíu vinsælustu lögin á Hljóðbylgjunni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Þráinn Brjánsson** og laugardagskvöld sem ekki klikkar.
24.00 **Næturvakt Hljóðbylgjunnar.** Stuð, stuð, stuð.
4.00 **Ókynnt tónlist til morguns.**

## ALFA FM·102,9

14.00 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
16.00 **Vinsældaval Alfa.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
18.00 **Alfa með erindi til þín.** Frh.
24.00 **Dagskrárlok.**

## rót ÚTVARP FM 106·8

11.00 **Dagskrá** Esperantosambandsins. E.
12.00 **Poppmessa í G-dúr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
14.00 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil.
16.00 **Um Rómönsku ameríku.** Mið-Ameríkunefndin.
17.00 **Breytt viðhorf.** Sjálfsbjörg – Landssamband fatlaðra. E.
18.00 **Heima og að heiman.** Alþjóðleg ungmennaskipti. E.
18.30 **Ferill og „FAN".** Baldur Bragason fær til sín gesti sem gera uppáhaldshljómsveit sinni góð skil.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur í umsjá Láru o.fl.
21.00 **Síbyljan.**
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt** til morguns með Arnari Þór Óskarssyni og Benedikt Rafnssyni. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.

## Iðnskóladagar

## ÚTRÁS FM 104,8

10.00 **Tómas Hilmarsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Sigjónsson.**
13.00 **Friðrik Kingo.**
16.00 **Ágúst Gunnlaugsson, Hafþór Pálsson.**
19.00 **Sævar Þór, Birgir Guðmundsson, Arnar Hjartarson.**
22.00 **Sverrir Tryggvason.**
01.00 **Næturvakt I.R. s: 680288.**
4.00 **Dagskrárlok.**

## Ólund Akureyri FM 100,4

17.00 **Barnalund.** Ásta Júlía og Helga Hlín sjá um þátt fyrir yngstu hlustendurna. Leikrit, söngur, glens og gaman.
18.00 **Enn á brjósti.** Brynjólfur Árnason og Jón Þór Benediktsson spjalla um félagslíf unglinga á Akureyri.
19.00 **Gatið.**
20.00 **Skólaþáttur.** Umsjón hafa nemendur í Glerárskóla.
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Litið í blöðin og viðtöl að venju.
21.30 **Smásögur og stórar sögur.** Hildigunnur Þráinsdóttir hefur umsjón.
22.00 **Formalínkrukkan.** Árni Valur leikur rólega tónlist.
23.00 **Krían í læknum.** Rögnvaldur kría fær gesti í lækinn og leyfir þeim að busla að vild.
24.00 **Alþjóðlega Kim.** Rúnar og Matti eiga heima hlið við hlið og vilja það.
1.00 **Eftir háttatíma.** Næturvakt Ólundar.



**Alan Alda leikur vinsælan stjórnmálamann og Meryl Streep lögfræðing. Samstarf þeirra leiðir til náinna kynna.**

### Stöð 2 kl. 21.25:

# Stjórnmálalíf

Það gerist margt hjá vinsælum stjórnmálamönnum, bæði jákvætt og neikvætt. Þegar vel gengur í starfi vill fjölskyldulífið verða útundan. Joe Tynan þingmaður (Alan Alda) og kona hans (Barbra Harris) eru enn ástfangin eftir 19 ára hjónaband, þótt hún og börnin vildu gjarnan fá meira af tíma hans.

Tynan ætlar að öðlast enn meiri frama í stjórnmálunum og ferðast víða – konan er ekki höfð með í ráðum eins og skyldi. Síðan kynnist Tynan lögfræðingi, Karen Treynor, sem leikinn er af Meryl Streep, og verður samstarf þeirra ansi náið miðað við að maðurinn er giftur. Þegar Tynan er önnum kafinn við að klífa metorðastigann í Washington og kosningabarátta er í algleymingi gerir hann sér ljóst að tengslin við fjölskylduna eru að bresta. Hann verður að gera upp hug sinn gagnvart eiginkonu og börnum. Kvikmyndahandbókin gefur Stjórnmálalífi (The Seduction of Joe Tynan) tvær og hálfa stjörnu. -ÓTT

### Stöð 2 kl. 00.20:

# Öskubuskulíf

Nafn þessarar myndar (Cinderella Liberty) er dregið af takmörkuðu landgönguleyfi hermanna í bandaríska sjóhernum. Sjómennirnir mega ekki vera lengur í landi en til miðnættis. Öskubuskulíf er ástarsaga í gamansömum dúr.

John Baggs (James Caan) er sjóliði sem fer út á lífið og verður yfir sig ástfanginn. Á vegi hans verður barstúlkan Maggie (Marsha Mason), og Dough, 11 ára gamall sonur hennar. Mæðginin bera ekki mikið úr býtum í þessu lífi en John er ekki sú manngerð sem hleypur bara í burtu. Ef eitthvað er að vill hann koma hlutunum í lag. John ákveður að rugla saman reitum með ástkonu sinni en félögum hans líst illa á ráðahaginn.

Þessi kvikmynd fékk óskarsverðlaun fyrir besta sönglagið og Marsha Mason var útnefnd sem besta leikkonan í aðalhlutverki.

Myndin er frá árinu 1974 og segir kvikmyndahandbókin hana vera snilldarlegt samspil af gríni og raunsæi – hún fær þrjár og hálfa stjörnu sem telst mjög gott.

-ÓTT



**Þátturinn Hér og nú er fréttaþáttur sem fjallar um áhugaverð og umdeild málefni líðandi stundar. Fréttamenn senda beint út frá Efstaleiti eða frá vettvangi þar sem atburðir gerast.**

### Rás 1 kl. 13.00:

# Hér og nú

## – fréttaþáttur

Fréttamenn útvarps hafa umsjón með þættinum Hér og nú sem er fastur liður í dagskrá rásar 1 á laugardögum klukkan eitt – þátturinn stendur yfir í eina klukkustund. Umsjónarmenn fjalla ítarlega um mismunandi fréttaefni, tvö eða fleiri hverju sinni. Áhersla er lögð á að taka til skoðunar áhugaverð og umdeild málefni, ýmist úr stjórnmálum, atvinnulífi, félagsmálum og menningu.

Í tilkynningu frá RÚV segir að Hér og nú sé fréttaþáttur en ekki fréttaskýringaþáttur sem oft sé vitnað til í fréttatímum og almennri umræðu manna. Þátturinn er sendur út frá talstofu í Efstaleiti og er efnið ýmist fyrirfram unnið eða sent beint til hlustenda, bæði frá stúdíói eða þar sem atburðir eru að gerast. Það eru fréttamennirnir Óðinn Jónsson og Þorvaldur Friðriksson sem stjórna Hér og nú í dag.

-ÓTT